Skýrsla um innra mat Kópavogsskóla fyrir skólaárið 2020-2021

maí/júní 2021

Uppfært og kynnt í september 2021

Björk Hafliðadóttir
Elísabet Pétursdóttir
Guðmundur Ásmundsson
Jóhannes Larsen
Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir

Inngangur **3**

Markmið og áhersluþættir **3**

Teymi og áætlun skólaárið 2020-2021 **4**
Verkþættir skólaárið 2021-2022 7

Kannanir námsráðgjafa **7**

Skólapúlsinn 2020-2021 **8**
Foreldrakönnun 8
Nám og kennsla 9
Nemendakönnun 13
Virkni nemenda í skólanum 14
Líðan og heilsa 14
Skóla- og bekkjarandi 15
Opin svör 15

Starfsmannasamtöl **16**

Foreldrasamtöl **17**

Þróunarstarf í Kópavogsskóla **18**

Könnun á vímuefnaneyslu unglinga **18**

Niðurstöður samræmdra prófa **18**
4. bekkur: 19
7. bekkur: 19
9. bekkur: 20

Lesferill **20**

Umbótaáætlun 2021-2022 **21**

Innra mat skólaárið 2021-2022 **22**

Innra mat – áætlun 2019-2023 **22**

Lokaorð **23**

Inngangur

Í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að skólum er ætlað að skoða innra starf sitt með markvissum hætti og nýta til þess þau gögn sem verða til í skólastarfinu. Í þessari skýrslu er lýsing á því innra mati sem fór fram í Kópavogsskóla skólaárið 2020-2021. Innra mat er ferli þar sem skólinn aflar upplýsinga um starfsemi sína, leggur mat á hana og íhugar í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks. Í henni er farið yfir markmið matsins og gildi Kópavogsskóla auk sjálfs vinnuferilsins og verkáætlun vegna matsins.

Skólastarf vetrarins markaðist mjög af COVID og sífelldum breytingum á kennsluskipulagi, óvæntum lokunum, frestun og niðurfellingu atburða og breytingum á áætlunum, m.a áætlunum um skipulag innra mats. Þegar þetta er ritað í maí lok stefnir loks í að skipulag sé að færast í ,,eðlilegt" horf og vonir um að næsta skólaár verði hægt að vinna samkvæmt skipulaginu að öllu leyti.

Árlega leggur námsráðgjafi tengslakönnun fyrir nemendur og einnig könnun á líðan og einelti og fjallað er um þær niðurstöður í skýrslunni. Kópavogsskóli nýtir sér vefkerfið Skólapúlsinn til að spyrja nemendur, foreldrar og starfsmenn út í ýmsa þætti skólastarfsins. Á skólaárinu var Skólapúlsinn nýttur til að afla upplýsinga frá nemendum og foreldrum en að auki voru starfsmannaviðtöl nýtt til að fá fram viðhorf starfsmanna. Skólastjórnendur skiptu viðtölunum á milli sín með þeim hætti að deildarstjóri sérúrræða ræddi við sérkennara og deildarstjórar stiga ræddu við umsjónarkennara á viðkomandi stigi. Vegna fæðingarorlofs forstöðumanns frístundar ræddi deildarstjóri yngra stigs við alla starfsmenn í frístund. Skólastjóri ræddi við flesta aðra starfsmenn auk list- og verkgreinakennara. Í einstaka tilfellum voru undantekningar enda starfsmönnum gefinn kostur á að ræða við þann stjórnanda sem þeir kusu. Fjallað er um helstu niðurstöður úr þessum athugunum í skýrslunni og einnig er fjallað um úrbætur á skólastarfinu í tengslum við niðurstöður þess mats sem gert var á skólaárinu 2019-2020 og þeirri umbótaáætlun sem varð til í framhaldi af því. Að lokum er farið yfir fyrirhugað mat á skólaárinu 2021-2022.

Markmið og áhersluþættir

Markmið innra matsins er að fá fram sem víðtækastar upplýsingar um skólastarfið og leitast við að styrkja sterka þætti og bæta úr þeim þáttum sem betur mega fara. Í báðum tilvikum er hægt að vinna að úrbótum, efla það sem vel gengur og bæta það sem kemur verr út. Innra mat er einnig leið til þess að sýna helstu hagsmunaaðilum fram á gæði skólastarfsins.

Upplýsingar um Skólapúlsinn má finna á upplýsingasíðu þeirra, http://skolapulsinn.is/um/.

Þegar ,,Uppeldi til ábyrgðar" var valin sem uppeldisstefna skólans á sínum tíma var það gert m.a. í þeim tilgangi að byggja skólastarfið á jákvæðni og góðum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins. Meginmarkmiðið er að öll samskipti mótist af virðingu og jákvæðni og að allt skólastarfið gangi fyrir sig á sem uppbyggilegastan hátt. Í þeim könnunum sem eru lagðar fyrir

nemendur, foreldra og starfsmenn með reglulegum hætti er reynt að draga fram hvernig til hefur tekist og ráðast í umbætur eftir að niðurstöður hafa verið greindar. Vinnan við umbæturnar er skipulögð af teymi um innra mat og verkferlar unnir með tilliti til hvers þáttar.

Teymi og áætlun skólaárið 2020-2021

Í teymi um innra mat sátu á skólaárinu Björk Hafliðadóttir kennari, Elísabet Pétursdóttir námsráðgjafi, Guðmundur Ásmundsson skólastjóri, Jóhannes Larsen fulltrúi foreldra, Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir kennari, Guðmundur Ásmundsson skólastjóri ritaði drög að skýrslu og gekk frá endanlegri gerð hennar eftir yfirlestur og ábendingar teymisins. Ýmsir kennarar komu að fyrirlögn kannananna en verða ekki tíundaðir hér.

Í framhaldi af niðurstöðum innra mats fyrir skólaárið 2019-2020 var ákveðið að huga sérstaklega að eftirtöldum atriðum í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021.

Efnisþáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Gott aðgengi starfsmanna að upplýsingum	Upplýsingar sem eiga erindi til allra verða birtar í vikupóstum og á Workplace auk starfsmannasíðu. Tölvupóstur nýttur til samskipta við einstaklinga og fámennari hópa.	Skólastjórnendur	Alltaf virkt	Könnun í lok annar. Virkt.
Hlutverk allra starfsmanna verði skýr og ekki ágreiningur um hlutverk á milli starfsheita.	Starfslýsingar allra starfsmanna verði aðgengilegar fyrir alla starfsmenn. Starfslýsingar yfirfarnar og	Skólastjórnendur	Alltaf virkt. Rætt á starfsdeg i 5. okt	Allar starfslýsingar verði aðgengilegar á starfsmannasíðu yfirfarnar reglulega. Virkt.

	kynntar á fundum í upphafi skólaárs.			
Skólastjórnendur fylgjast með starfi í kennslustofum ræði við kennara um kennsluna.	Heimsóknir skólastjórnenda í kennslustofur skipulagðar til lengri tíma og tryggt að allir verði heimsóttir. Minnispunktar skráðir í hverri heimsókn og rætt við kennara í framhaldinu	Skólastjóri	Alltaf virkt. Heimsóknir byrjuði í sept.	Mat lagt á gagnsemi heimsóknarinnar í starfsþróunarsamtali viðkomandi kennara. Virkt.
Samband nemenda og kennara styrkt	Unnið verði í að efla jákvætt samband nemenda og kennara með einstaklingssamtölum	Deildarstjórar stiga - Stýrihópur um Uppeldi til ábyrgðar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins í lok skólaárs Virkt.
Markvisst verði unnið að því að styrkja sjálfsmynd nemenda	Nemendur fái tækifæri til aukins sjálfstæðis við nám og að útskýra hugmyndir sínar og eigin þarfir. Aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga.	Umsjónarkennarar	Alltaf virkt. Heimsóknir skólaársin hófust í september	Niðurstöður Skólapúlsins í lok skólaárs Virkt.

Agi í kennslustundum	Aukinn jákvæður agi í kennslustundum. Markviss fræðsla kennara til nemenda um samskipti. Skólastjórnendur fylgist markvisst með vinnu í kennslustofum.	Deildarstjórar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins í lok skólaárs Virkt.
Markvisst starf gegn einelti	Skipulögð fræðsla með aðstoð sérfræðinga fyrir alla árganga allt skólaárið	Umsjónarkennarar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins Sjá neðar í skýrslunni
Efla væntingar starfsmanna til starfsins og gera markmið starfsins skýrari	Skólastjórnendur leggi áherslu á þennan þátt í samskiptum við starfsmenn	Skólastjórnendur	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins Virkt.
Efla stuðning kennara við nýsköpun og upplýsingatækni	Skólastjórnendur ræði við kennara um með hvaða hætti best sé að aðstoða þá við nýsköpun. Þátttaka í Utís online	Skólastjórnendur	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins Virkt. (Virk kennsluráðgjöf rafrænna þátta á yngsta stigi

Efla áhuga á stærðfræði	Stærðfræðikennarar ræði mikilvægi stærðfræðinnar markvisst við nemendur	Stærðfræðikennarar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins Virkt.
Efla trú nemenda á eigin námsgetu	Kennarar og aðrir starfsmenn leggi áherslu á jákvæða þætti og sjálfstyrkingu í samtölum við nemendur.	Allir kennarar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins Virkt.

Verkþættir skólaárið 2021-2022

- Kynning á niðurstöðum fyrir skólaárið 2020-2021 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021-2022.
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsmenn.
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur.
- Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum árgöngum.
- Skólastjórnendur hitta foreldra barna í hverjum árgangi og ræða málefni árgangsins.
- Reglulegir fundir með stjórn foreldrafélags skólans.
- Umræðufundir kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi um kennsluhætti og þróun á viðkomandi stigi.
- Kennarafundum skipt upp og hluti faglegrar umræðu aukinn.
- Reglulegar heimsóknir skólastjórnenda í kennslustundir.
- Formleg samtöl skólastjórnenda við starfsmenn.
- Umræðufundir í framhaldi af niðurstöðum kannana vetrarins.

Kannanir námsráðgjafa

Veturinn 2020-2021 var mjög óvenjulegur og þurfti að aðlaga starf námsráðgjafa að því ástandi. Haustönnin er venjulega mikið nýtt í kannanir og viðtöl við nemendur en á haustönn á þessu skólaári var skólanum skipt niður í hólf og aðgengi námsráðgjafa að kennurum og nemendum oft lítið. Skrifstofa námsráðgjafa er í unglingadeild og því fylgdi viðvera þar. Því var aðgengi

námsráðgjafa að nemendum á tímabili bundið nemendum unglingadeildar. Sérkennsla og utanumhald ákveðinna nemanda færðist á tímabili yfir á námsráðgjafa vegna breytinga innanhúss og þá féllu hefðbundin störf námsráðgjafa allverulega niður. Sömuleiðis lentu á borði námsráðgjafa ýmis verkefni eins og aðstoð við kennara sem kenndu einungis fjarkennslu á unglingastigi á tímabili; próftaka, dreifing gagna og annað sem til féll.

Útbúin var heimasíða í Google Sites um námstækni og var síðan kynnt nemendum unglingadeildar og tengill settur á Classroom svæði hvers árgangs í unglingadeild. Síðan er einnig sýnileg á heimasíðu Kópavogsskóla. Þarna má finna ýmis góð ráð í námi sem og myndbönd sem kenna enska málfræði, stærðfræði og margt fleira. Var þetta gert til þess að koma til móts við minni tíma námsráðgjafa við námsaðstoð í vetur.

Kannanir sem námsráðgjafi leggur reglulega fyrir voru unnar með öðrum hætti en áður. Hefðbundnar tímasetningar lögðust af og reynt að nýta tímann þegar hann gafst. Umsjónarkennarar fengu niðurstöður til þess að skoða og vinna með en aðkoma námsráðgjafa að frekari vinnu var mun minni en áður. Könnunin **Ég og skólinn minn** var einungis lögð fyrir í 1. bekk en venjulega er sú könnun lögð fyrir nemendur í 1.-3. bekk. **Tengslakannanir** voru lagðar fyrir nemendur í 2.-10. bekk á haustönn þegar færi gafst. Þar er verið að skoða félagsleg tengsl og líðan í skóla, í bekk og heima. Var farið yfir niðurstöðurnar með umsjónarkennurum en vegna takmarkana á haustönn náðist ekki að ræða við alla þá nemendur sem venjulega hefði verið rætt við í kjölfar könnunarinnar. Minni tími var til þess að leggja kannanir fyrir, m.a. vegna minni tíma kennara með nemendahópum á haustönn.

Áhugasviðskönnunin Bendill var venju samkvæmt lagður fyrir nemendur 10. bekkjar en þar er verið að skoða áhugasvið og tengja það við starfsfræðslu sem og fræðslu um námsbrautir framhaldsskólanna. Er þetta gert nemendum að kostanaðarlausu og hefur sá hátturinn verið hafður á frá árinu 2013. Í kjölfar fyrirlagnar koma nemendur í einstaklingsráðgjöf þar sem niðurstöðurnar eru skoðaðar.

Skólapúlsinn 2020-2021

Foreldrakönnun

Könnunin var lögð fyrir í febrúar og foreldrum gafst kostur á að á að afþakka þátttöku. Fjöldi þátttakenda í könnuninni voru 117 og 87 svöruðu sem gerir 74,4% svarhlutfall. Sumir kusu að sleppa einstaka spurningum sem skekkir niðurstöðurnar að einhverju marki. Niðurstöður könnunarinnar eru:

Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,4	86	-0,1	5,1	6.222	-0,7*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	84,1%	69/82	4,1%	91,6%	5303/5760	-7,5%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	85,2%	69/81	3,6%	83,8%	5136/6083	1,4%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	70,3%	52/74	-7,4%	76,6%	4335/5603	-6,3%

Þó jákvæð breyting sé á liðum 1.2 og 1.3 er ljóst að úrbóta er þörf. Síðastliðið eitt og hálft skólaár hefur verið mjög sérstakt hvað skipulag varðar og samstarf við aðila skólasamfélagsins mótast af því að skólahúsnæðið var meira og minna lokað utanaðkomandi aðilum. Öll samskipti hafa því verið í lágmarki. Mikil breyting á lið 1.4 er athyglisverð og áhugavert að vita á hverju þetta mat byggir.

Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,2	71	0,1	4,7	5.617	-0,5*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	76,5%	62/81	-5,0%	87,5%	5182/5872	-11,0%*
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	91,9%	79/86	1,0%	91,8%	5727/6232	0,1%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,2%	81/86	4,6%	91,8%	5686/6189	2,4%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	88,0%	73/83	-4,3%	91,1%	5587/6141	-3,1%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	7,1%	6/85	-1,0%	9,1%	557/6164	-2,0%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	38,5%	5/13	-28,2%	55,4%	530/950	-16,9%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	38,5%	5/13	-28,2%	55,1%	513/932	-16,6%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	69,2%	27/39	-7,0%	77,3%	2715/3456	-8,1%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,8	13	1,1	1,4	1.047	0,4
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	13	-	-	-	-

Þarna vekur athygli liður 2.2 því Kópavogsskóli reynir einmitt að mæta þörfum nemenda og fjöldi stuðningstíma á viku verulega umfram það sem lög kveða á um. Margar deildir eru einnig með ákjósanlegan nemendafjölda en nemendur með verulegar sérþarfir, m.a. vegna tungumálaerfiðleika eru margir. Hvað liði 2.7, 2.8 og 2.9 varðar þá eru eineltistilkynningar á

skólaárinu alls 4 og þær fóru um leið og þær bárust í vinnslu hjá eineltisteymi skólans en í því sitja sálfræðingur, námsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri.

Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,9	81	-0,1	5,5	5.877	-0,6*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	4,5	58	0,3	5,3	3.493	-0,8*
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	67,4%	58/86	1,2%	58,6%	3705/6107	8,8%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	26	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	69,9%	51/73	-14,5%	73,8%	4058/5370	-3,9%
3.6. Notkun á mötuneyti	89,5%	77/86	5,3%	89,4%	5602/6207	0,1%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0/9	-	3,2%	19/599	-3,2%

Húsnæði Kópavogsskóla er þröngt og aðstaða fyrir nemendur ekki góð. Á skólaárinu var veruleg skerðing á tómstundaþjónustu og mötuneytið var á tímabili lokað fyrir ákveðna nemendahópa vegna hólfaskiptingar skólans.

Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,9	81	0,5	5,0	5.885	-0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	34,7%	25/72	-17,4%	54,9%	2867/5039	-20,2%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	48,1%	26/54	-6,3%	64,6%	2776/4158	-16,5%*
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	55	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	65	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	88,1%	74/84	-6,5%	94,4%	5572/5897	-6,3%*
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	84	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	65,8%	50/76	10,1%	59,4%	3234/5380	6,4%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	87,7%	64/73	5,3%	89,1%	4326/4871	-1,4%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	82,1%	64/78	-9,8%	82,2%	4733/5763	-0,1%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	63,5%	54/85	-1,4%	71,9%	4430/6115	-8,4%*

Foreldrasamstarf hefur verið með minna móti og ekki annað í myndinni en að efla það á næsta skólaári. Það vekur hins vegar athygli það mat að foreldrar hafa lítil áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur. Fjöldi nemenda skólans er með einstaklingsnámskrá og þær eru aldrei unnar án fulls samráðs við foreldra og tekið tillit til ábendinga þeirra. Í foreldraviðtölum koma stundum erfið mál til umræðu en markmiðið er að halda viðtölum á jákvæðum nótum. Kennarar koma alltaf stuttri skýrslu til skólastjórnenda eftir viðtölin og í lang flestum tilvikum eru þau jákvæð.

Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	83	0,1	5,0	6.073	0,0
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,1	82	-0,5	4,0	6.009	0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	65,9%	54/82	-7,8%	74,2%	4179/5606	-8,3%*
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	63,3%	50/79	11,9%	61,1%	3494/5776	2,2%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	80,3%	53/66	4,2%	73,7%	3363/4671	6,6%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	13,6%	9/66	-2,8%	15,8%	789/4671	-2,2%

Stefna skólans um heimanám er tíunduð á heimasíðu skólans (https://www.kopavogsskoli.is/is/skolinn/nam-og-kennsla/heimanam) og tekur mið af aldri nemenda. Ekki er ljóst hvort foreldrum finnst heimavinnan of lítil eða of mikil en kennarar hafa fulla heimild til að aðlaga hana að þörfum hvers barns.

Opin svör

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn.	-	34	-	-	-	-
6.2. Lýstu því hvað þér þykir að megi betur fara í skólanum.	-	32	-	-	-	-
6.3. Ábendingar varðandi heimasíðu skólans	-	13	-	-	-	-

Í því sem er gott við skólann nefna foreldrar m.a. [innsláttarvillur ekki leiðréttar]:

- allir virðist velja hjálpa og hlustað á ósk eða tillögur foreldra
- Almennt er ég ánægði með kennara í 7.bekk
- Almennt yfir er margt gott við skólann . Bóklega námið er gott og líðan góð hjá unglingunum.
- Að allir eru mjög góð og bara fín í að hjálpa
- Aðgengi að sálfræðingi, talmeinafræðing og iðjuþjálfa. Upplýsingaflæði mjög gott
- Barninu liður vel í skólanum og hefur alltaf gert.
- Ef upp koma mál er tekið á þeim strax
- Fámennur skóli þar sem einstaklingarnir fá allir sit pláss til að rækta sjálfa sig.
- Gott skipulag á öllu og góður agi og almennt góður andi innan skólans.

- Gott starf í frístund og frístundavagninn. Áhersla kennara á vináttu og virðingu. Barninu mínu líður vel í skólanum.
- Góð samskipti við skólastjóra þegar við á. Vel tekið á eineltismáli.
- hvað hann er nálægt heimilinu okkar og strákarni mínir séu ánægðir að vera nálægt vinum sínum.
- Hversu skólinn er lítill og þar af leiðandi persónulegur
- Margir góðir kennarar Hlýtt viðmót Flott félagsstarf
- Mæti alltaf skilningi og tilitssemi á skrifstofu og hjá skólastjóra
- Samskipti góð við kennara
- Samskipti við umsjónarkennara
- Skólinn leggur mikið áhersla á félagslega þætti. Börnin líða vel. Skólamaturinn er eldað í skólanum. Vikupóstur frá kennarum. Skólinn er að hlusta á okkur varðandi auka aðstoð sem börnin þurfa.
- Þeir kennarar sem ég hef haft samskipti við eru áhugasamir og samskipti eru góð. Stelpurnar mínar eru báðar ánægðar með sína kennara og líður vel í skólanum og það eru bestu meðmælin. Vanalega eru foreldrar hvattir að vera með í t.ð viðburðum og sýnilegir sem mér finnst mjög jákvætt og megi ávallt leggja meiri áherslu á.

Í því sem <u>betur mætti fara</u> nefna foreldrar m.a. [ásláttarvillur ekki leiðréttar]:

- Að einstaklingsmiðuð námskrá taki mið af viðkomandi nemanda.
- Barnið fær aldrei heimanám… Skólinn hefur brugðist algjörlega varðandi talþjálfun.
- Betri mat
- Betri upplýsingaflæði og það þá á einum stað en ekki mörgum.
- Bæta spænsku í námsskrá
- Ekki einstakt við þenna skòla en kennslu aðferðir eru ùr öllum tengslum við ransòknir um kenslu aðferðir. Til dæmis kenslustundur allt of langar. [redacted] kensla ì skòlanum til skammar
- Finnst vanta að betur sé hugsað um óskilamuni, sérstaklega núna þegar foreldrar mega ekki koma í skólann. Þyrfti að taka myndir og setja inná heimasíðu eða facebook.
- Fylgjast betur kannski með líðan barna í frímínutum v félagsleg samskipti/einelti, óþarfa hrindingar, ýta, sparka og þess háttar
- Hollari og minna unninn matur. Tíðari endurgjöf fra kennara hvernig barninu gengur með nám og félagsfærni.
- Hvernig tekið er á agavandamálum, skólinn má stíga fastar niður.
- Hæ I don´t know yet something bad from the school...
- Illa staðið að því að leysa hegðunarvandamál sem hafa áhrif á aðra nemdur.
- Illa tekið á kvörtunum gagnvart starfsfólki.
- Matur í mötuneyti er bragðlaus , illa eldaður og líklega uppfyllir ekki alla heilbrigðisstaðla. Ofbeldi kennara gagnvart börnum, líkamlegt andlegt. Norm kennara eru 30 ára gömul, má t.d ekki vera með húfu í stofum, þetta leyfa önnur sveitarfélög. Skólinn byrjar of snemma á morgnana,. Erfitt að fylgjast með hvað börnin eiga að læra heima, t.d. ætti kompa að fylgja með í töskunni, ekki nota öetta app drasl sem engin skilur eða getur fylgst með. Börnin fá ekki að gera neitt skemmtilegt í skólanum, t.d. gera sér dagamun á

föstudögum með bangapartý, vídeóglápi eða svipuðu , bara hardcore læra sem er glatað. Erfiðir bekkir eru ekki að fá viðeigandi mannskap og aðstoð til að bregðast við ástandinu. Ekkert þorrablót hjá 12 ára bekknum til að kveðja miðsstigið. Gæti haldið hér endalaust áfram, í smanburði við marga aðra skóla er þessi einn hvað lakastur semég hef upplifað og hef ég nú reynslu af þeim mörgum.
- Meiri utanumhald og rammi í kringum börn með ADHD og dyslexiu.
- Skóladagurinn er of stuttur og heimanám of mikið.
- Stundum vantar upplýsingar
- Tja... kannski læra eitthvað um stjóraskrána og fjármál t.d.
- Við söknum þess að fá vikulegan póst um vikuna sem leið frá umsjónarkennurunum eins og gert hefur verið síðustu ár. Þar kom fram hvað var lært í vikunni og annað sem kom upp á í bekknum.
- Það er þörf fyrir meiri áherslu á listgreinar, sköpun og slíkt. Einnig myndi maður telja félagsfærni vera eitthvað sem mætti leggja meiri áherslu á eins og í t.d lífsleikni.
- Það mætti taka foreldra frekar að stefnumótun og fjölbreytni í námi. Virkja foreldra betur.
- Það vantar betra/áhugaverðara lestrarefni fyrir 3-4 bekk Of mikil áhersla á boltaíþróttir í íþróttakennslunni.
- Það vantar meiri samskipti og upplýsingar til foreldra hvað er í gangi í skólanum. að læra í skólanum til þess að geta fyglt eftir og rætt það heima. Það myndi jafnvel styrkja og stiðja barnið daginn eftir því þá væri það öruggara í þeim verkefnum sem það er að leysa.
- Það verður að bæta matinn í mötuneytinu, bæði hvað varðar gæði og skammtastærðir.
- Það væri ekki verra að hafa betri íþróttaaðstöðu við skólann.

Aukaspurning

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Ánægja með COVID viðbrögð	96,2%	77/80	-	95,2%	5669/5927	1,0%

Foreldrar eru mjög jákvæðir með COVID viðbrögð skólans.

Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk og var skipt í 4 svar hópa. Hver hópur svaraði einu sinni og svarmánuðirnir voru október, desember, febrúar og maí. Alls voru þátttakendur 171 og af þeim svöruðu 138 sem er 80,7% svarhlutfall. Niðurstöður eftir flokkum má sjá hér fyrir neðan:

Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	135	-0,1	4,7	14.969	0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,9	137	-0,1	4,8	15.011	0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,0	137	-0,4	5,0	15.274	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,2	137	-0,3	4,8	15.270	0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,0	138	0,0	4,8	15.026	0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,8	138	-0,0	4,7	15.263	0,1

Niðurstöður í þessum flokki eru allar í jafnvægi og á eða yfir landsmeðaltali og þar er ánægja af náttúrufræði marktækt yfir landsmeðaltali.

Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	138	-0,5	4,5	14.993	0,4*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,8	136	-0,4	4,6	14.973	0,2
2.3. Vellíðan	4,8	136	-0,2	4,6	15.203	0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	26	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,5	136	0,3	5,4	15.178	0,1
2.6. Tíðni eineltis	13,3%	$18_{/135}$	2,8%	12,5%	$1915_{/15123}$	0,8%
2.7. Staðir eineltis	-	16	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	43,9%	$58_{/132}$	-9,0%	45,6%	$6657_{/14780}$	-1,7%
2.9. Hollt mataræði	5,0	134	0,1	4,7	14.912	0,3

Í heildina kemur flokkurinn jákvætt út sé miðað við landsmeðaltal en hefur þó lækkað örlítið. Erfitt er að átta sig á tíðni eineltis miðað við þau mál sem koma til kasta eineltisteymis skólans.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,3	134	-	5,0	14.909	0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,9	134	0,1	4,9	15.134	0,0
3.3. Agi í tímum	4,8	134	-0,4	4,9	15.129	-0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	133	0,0	5,1	15.102	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	134	-	5,0	15.089	0,2

Niðurstöðurnar eru jákvæðar að stærstum hluta en liður 3.3 þarfnast athugunar.

Opin svör

Hér nefndur nemendur það sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann og það sem þeim finnst slæmt eða megi betur fara.

Það sem nemendur nefna að sé gott við skólann er m.a.:

- Allir eru góðir vinir og flestir eru saman.
- Allt.
- Bara skemmtilegir kennarar og krakkar.
- Flestum í skólanum líður vel og dagarnir eru passlega langir. Maturinn er alltaf góður og flestir kennarar skemmtilegir.
- Frímínótur eru skemmtilegar og íþróttir og sund
- Félagsskapurinn
- Fínir kennarar. Skemmtilegt í íþróttum.
- Mér finnst gott að ég eigi vini í þessum skóla, mér finnst sumir kennarar mjög skemmtilegir.
- Við erum í örugglega besta bekk í skólanum það eru eingin lagður í einelti og það eru næstum allir vinir
- Vínkonur mínar, maturinn, kennararnir og fleira
- Allir krakkar eru vinir og erum flest alltaf í hóp.
- ég á góða vini og kennararnir mínir eru góðir þau hlusta og sama má segja um vini mína
- að það sé hjúka og að við fáum námsefni ekker annað
- Félagsskapurinn í skólanum og bar góð kennsla
- Goð felagsmiðstöð
- Have fun with friends
- Maður er vel undirbúinn fyrir menntaskólann, betur en í öðrum grunnskólum. Skólinn er ekki ósanngjarn
- mer finnst goð stundarskrá, mér finnst kennarar kenna vel, mér finnst félagsmiðstoðin goð

Það sem nemendur nefna að megi betur fara er m.a.:

- Allt
- betra klósett.
- Betri matur
- Ekkert
- Flest allir kennarar, íslenska, bannað að fara í búðina,
- Kennararnir, hvernig þeim er alveg sama hvenær eitthver er að vera lagður í einelti þangað til það er orðir extreme.
- Sumir kennarar hafa ekki verið góðir, hlusta ekki á skoðanir nemendanna og öskra jafnvel á þá, og það finnst mér slæmt.
- Sumir nemendur eru frekar leiðinlegir við aðra.
- Að við byrjum kl átta ég myndi vilja að skólinn byrji kl níu. Og að það má ekki vera í náttfötum. Og að kærustupör mega ekki haldast í hendur.
- Kennararnir setja allt inna mentor en að segja að það verður próf á mrg og stundum gleymir maður að fara inna mentor og svo næsta dag er maður ekki undir búinn fyrir próf
- Ég ef ekkert eð segja sem er slæmt
- Það mættu vera taflæfingar
- Kennarar eru ósanngjarnir, lélegir og bara ekki góðir yfir höfuð. Ekki góður matur. Ekki góð kennsla.
- Þegar kennarar eru ekki nógu harðir við óþæga nemendur.

Starfsmannasamtöl

Samtöl við kennara fara fram á vormánuðum og flest voru tekin ,,á staðnum” þó nokkur hefi verið tekin með fjarfundabúnaði. Í viðtölunum er rætt um líðan og samskipti, óskir um kennslu (á við kennara eingöngu), endurmenntun og búnaðarkaup vegna starfs viðkomandi starfsmanns. Starfsmaðurinn kemur síðan með þau atriði sem hann vill ræða og allt er þetta rætt með tilliti til breytinga og þróunar. Aðgengi starfsmanna að skólastjórnendum er mikið allt skólaárið og í flestum tilvikum bæta formleg samtöl ekki miklu við það sem áður hafði komið fram í óformlegum samtölum. Ávallt er reynt að bregðast strax við óskum og ábendingum og því fara formlegu samtölin við kennarana meira út í óskir vegna kennslu næsta skólaárs og atriði því tengd. Á skólaárinu var gerð könnun meðal kennara um mat þeirra á aðgengi að upplýsingum frá skólastjórnendum.

Aðgengi kennara að upplýsingum - niðurstöður könnunar

Um fjörutíu kennarar starfa við skólann og fyrst var spurt um aðgengi að upplýsingum á kvarðanum 1-5 þar sem 1 er ,,Lítið aðgengi” og 5 ,,Gott aðgengi”.



Þá var spurt um hvar kennurum fyndist best að nálgast upplýsingar:



Á starfsmannavef eru mjög viðamiklar upplýsingar um innra starf og skipulag skólans og þar geta starfsmenn flett upp því sem þá vantar upplýsingar um. Þeir þurfa að bera sig eftir því en eru því miður ekki að nýta sér það nægjanlega. Daglegar upplýsingar finnst þeim best að fá í tölvupósti og sá háttur verður áfram hafður. Heimasíðan er meira fyrir foreldra og starfsmenn hafa litla þörf fyrir þær upplýsingar sem þar eru birtar.

Foreldrasamtöl

Skólastjórnendur hafa undanfarin 10 ár boðið foreldrum allra árganga á morgunfundi til að ræða málefni skólans almennt. Fundirnir hafa fallið niður í vetur vegna hefts aðgengis að skólahúsnæðinu en skólastjórnendur eru með fasta mánaðarlega fundi með stjórn foreldrafélagsins. Þar eru málefni skólans rædd og fyrirspurnum foreldra svarað. Fundirnir eru mjög gagnlegir fyrir báða aðila og eru grunnurinn að því öfluga samstarfi sem er til staðar.
Í maí var einnig haldinn með rafrænum hætti opinn fundur skólaráðs þar sem rætt var um húsnæðismál skólans og ábendingar skólastjórnenda um mikilvægi þess að huga í tíma að væntanlegri fjölgun íbúða og íbúa í hverfinu. Á fundinum sátu sviðsstjóri umhverfissviðs og sviðsstjóri menntasviðs fyrir svörum og fundurinn var góður. Þrátt fyrir auglýsingar á öllum miðlum skólans voru fundarmenn í heildina níu.

Þróunarstarf í Kópavogsskóla

Lokið var við þrjú þróunarverkefni á skólaárinu en þau stóðu mislengi yfir. Verkefninu ,,Þrír stafir", sem er samstarfsverkefni Kópavogsskóla við þá leikskóla sem flestir nemendur skólans koma frá, lauk og skýrsla um það er tilbúin og verður kynnt í upphafi skólaárs 2021. Það verkefni er styrkt af Menntasviði Kópavogs. Verkefnið ,,Samvinnunámskrá - samvinna kennara og nemenda við uppbyggingu náms" er samstarfsverkefni nemenda og starfsmanna í Námsveri (sérdeild) Kópavogsskóla og er styrkt af Sprotasjóði. Því verkefni lauk á skólaárinu og var m.a. kynnt í Skólaþráðum (https://skolathraedir.is/2020/10/) sem er veftímarit um skólaþróun. Verkefninu ,,Samþætting skólanámskrár og forritunarkennslu" lauk í maí 2021 en vegna COVID-19 náðist ekki að vinna það til enda með þeim hætti sem áætlað var. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði og verður kynnt í upphafi skólaárs 2021. Þá lauk Erasmus+ verkefni sem hófst haustið 2018 og átti samkvæmt áætlun að ljúka vorið 2020. Verkefnið er samstarfsverkefni Kópavogsskóla og skóla á Spáni og í Þýskalandi en markmið þess er að fræðast um og bera saman orkugjafa landanna þriggja. Nemendur fæddir 2004 tóku þátt í verkefninu og voru gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara landanna þriggja. Vegna COVID-19 náðist ekki að ljúka verkefninu með þeim hætti sem áætlað var en þó náðist að uppfylla meginþætti verkefnisins. Áfram var lögð áhersla á þróun kennsluhátta og jákvæða nýtingu á spjaldtölvum í skólastarfinu en ,,Menntabúðir" (mánudagsfræðsla), þar sem kennarar kenna og læra hverjir af öðrum, voru í fullu gildi á skólaárinu.

Könnun á vímuefnaneyslu unglinga

Fyrirtækið Rannsóknir og greining hefur til fjölda ára lagt könnun fyrir nemendur í 8.-10. bekk í mörgum sveitarfélögum landsins, m.a. í Kópavogi. Þar er verið að skoða vímuefnaneyslu, viðhorf foreldra til hennar, samveru foreldra og barna og heilsu og líðan. Könnunin var lögð fyrir í febrúar og niðurstöðurnar eru fyrir Kópavog í heild. Þróun á neyslu vímuefna hefur þróast í rétta átt en hefur ekki verið vandamál til fjölda ára þó áhyggjur af ,,fikt" með rafrettur hafi verið til staðar undanfarin ár. Nú eru merki um að neysla áfengis sé á uppleið og því mikilvægt að allt forvarnarstarf verði eflt og fræðsla aukin því reynslan sýnir að aldrei má slaka á.

Niðurstöður samræmdra prófa

Nemendur í 4. og 7. bekk þreyttu samræmd próf í lok september og byrjun október 2020 og nemendur 9. bekkjar í mars 2021. Prófin eru rafræn að öllu leyti og nemendurnir notuðu spjaldtölvur við að svara þeim. Framkvæmdin hjá 4. og 7. bekk gekk mjög vel og engin tæknileg vandamál komu upp. Því miður varð það ekki raunin með prófin hjá 9. bekk og prófakerfi Menntamálastofnunar hrundi í fyrsta prófinu sem var íslenska en nemendur Kópavogsskóla náðu þó að ljúka því. Þar sem Menntamálastofnun treysti sér ekki til að ábyrgjast að prófakerfið réði við hin prófin voru þau gerð valfrjáls og þeir nemendur sem kusu að taka prófin gátu tekið þau á pappír! Allur samanburður nemenda 9. bekkjar við árangur fyrri ára og aðra skóla er því

marklaus. Ástæða er til að hrósa nemendum 9. bekkjar fyrir það hvernig þeir tóku þessu en alveg ljóst að sumum var þar erfitt enda búnir að leggja töluvert á sig við undirbúning.

Menntamálastofnun birtir allar upplýsingar í rafrænum upplýsingagrunni á heimasíðu sinni. Niðurstöðurnar fyrir 4. og 7. bekk eru stilltar þannig af að landsmeðaltal er 30 og útkoma nemenda Kópavogsskóla var sem hér segir:

4. bekkur:



Samræmd einkunn í íslensku er 24 og samræmd einkunn í stærðfræði er 23.

7. bekkur:



Samræmd einkunn í íslensku er 30 og í stærðfræði er hún 32.

9. bekkur:

Vegna hruns prófakerfisins eru aðeins til upplýsingar um einkunnir þeirra nemenda sem luku prófunum. Allir nemendur árgangsins fengu einkunn í íslensku og niðurstaðan var mjög góð. Sex nemendur fengu A og ellefu nemendur fengu B eða B^+. Þrettán nemendur tóku stærðfræðiprófið og tíu þeirra fengu einkunnina A eða B^+ og í ensku fengu ellefu nemendur einkunnirnar A, B^+ eða B. Árgangurinn er námslega sterkur og því kemur niðurstaðan ekki á óvart.

Þegar niðurstöður samræmdra prófa berast fara skólastjórnendur yfir þær ásamt umsjónarkennurum og sérkennurum. Þar eru lagt mat á þörf fyrir stuðningsúrræði og sérkennslu. Í sumum tilvikum hefur viðkomandi nemandi verið með stuðning en í öðrum tilvikum þarf að endurskoða og breyta. Ef niðurstöðurnar eru mjög óvæntar gagnvart ákveðnu barni er foreldri boðað til fundar og ákveðið hvernig stuðningi verður best háttað. Stundum er lestrarfærni slök og þá skiptir verulega máli að bæði heimili og skóli hjálpist að við að auka hana. Niðurstöðurnar eru alltaf teknar alvarlega og umbótaáætlun gerð til að auka sem mest framfarir nemenda.

Lesferill

Matstækið Lesferill er unnið af sérfræðingum Menntamálastofnunar og því er ætlað að meta að grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Lesferill er lagður fyrir þrisvar á hverju skólaári, þ.e. í september, janúar og maí (nemendur 1. bekkjar aðeins í janúar og maí). Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis: hljóðkerfisvitund, lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Niðurstöðu fyrir Kópavogsskóla í lok skólaársins má sjá á myndinni:



Til viðmiðunar þá voru niðurstöður í maí 2020 sem hér segir (9. bekkur er núverandi 10. bekkur):



Niðurstöðurnar sýna töluverðar sveiflur og mikilvægt að efla enn frekar þátt lestrarkennslu og lestrarþjálfunar í skólastarfinu.

Umbótaáætlun 2021-2022

Teymi um innra mat fór yfir niðurstöður mælinga skólaársins og ákvað að einblína á færri þætti en gefa þeim meiri tíma í vetrarstarfinu. Ákveðið var að leggja áherslu á vinnu gegn einelti, öflugri samskipti við heimili og uppfæra skólastefnuna til næstu þriggja ára:

Efnisþáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Einelti	Endurskoðun verkferla og kynning fyrir starfsmenn	Eineltisteymi	Maí 2022	

Samskipti við heimili	Upplýsingagjöf til foreldra um nám og líðan nemenda í skólanum gerð markvissari	Umsjónarkennar ar og skólastjórnendur	Nóvemb er 2021	
Skólastefna	Skólastefna Kópavogsskóla endurskoðuð og uppfærð til ársins 2024	Skólaráð	Maí 2022	

Innra mat skólaárið 2021-2022

- Kynning á niðurstöðum fyrir skólaárið 2020-2021 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021-2022
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsmenn
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
- Skólastjórnendur hitta foreldra barna í hverjum árgangi og ræða málefni árgangsins.
- Reglulegir fundir með stjórn foreldrafélags skólans.
- Kennarafundum skipt upp og hluti faglegrar umræðu aukinn.
- Reglulegar heimsóknir skólastjórnenda í kennslustundir
- Formleg samtöl skólastjórnenda við starfsmenn.
- Umræðufundir í framhaldi af niðurstöðum kannana vetrarins.

Innra mat – áætlun 2019-2023

- Skólaárið 2019-2020

    - Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur og starfsfólk
    - Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.

- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

· Skólaárið 2020-2021

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

· Skólaárið 2021-2022

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsfólk
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill
- Endurskoðun skólastefnu Kópavogsskóla

Skólaárið 2022-2023

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

Lokaorð

Starf grunnskóla er flókið og krefjandi og aðstæður hafa verið mjög óvenjulegar á skólaárinu. Verkefnin eru að breytast og margt af því sem starfsfólk skóla glímir við í daglegu starfi er á mörkum þess að vera heilbrigðismál. Hlutverk kennara er mikið meira en ,,hefðbundin” kennsla og stundum vantar bjargir til að bregðast við því sem upp kemur í starfinu. Þrátt fyrir það leggjast allir á eitt við að búa nemendum og starfsfólki gott og öruggt vinnuumhverfi og þróa starfið til framtíðar. Niðurstöður innra matsins eru mikilvægar upplýsingar og benda á þá þætti sem helst þarf að sinna.